

Fjárukalög

fyrir árið 2024, sbr. lög nr. 7/2024.

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2024:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „200 ma.kr.“ í 1. tölul. kemur: 230 ma.kr.
- b. Á eftir 11. tölul. kemur nýr liður, svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: Að endurlána allt að 12,5 ma.kr. til eignaumsýslufélags sem komið verður á fót um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavíkurbæ.

Heimildir

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2024:

Nýr liður:

- 5.21 Að koma á fót eignaumsýslufélagi sem fær það hlutverk að annast kaup, umsýslu og ráðstöfun íbúðarhúsnæðis innan þéttbýlismarkna Grindavíkurbæjar ásamt því að leggja félaginu til nauðsynlegt hlutafé til að það geti staðið undir þeim kaupum.

Samþykkt á Alþingi 23. febrúar 2024.